Kalaallit Nunaanni Aalisartut Piniartullu Kattu
Sammenslutningen af Fiskere og Fangere i Grønland
The Organization of Fishermen and Hunters in Greenland

LANDSSAMBAND
smábátaeigenda

Sameiginleg yfirlýsing

Hinn 31. Október 2012 hittust forystumenn Landssambands smábátaeigenda (LS) og Veiði- og fiskimannasamtaka Grænlands (KNAPK) í Nuuk á Grænlandi til að ræða ástand mála varðandi grásleppuveiðar og útlitið fyrir grásleppuvertíðina 2013.

Báðir aðilar voru sammála um að verði ekki gripið til neinna aðgera sýni sagan að núverandi staða, þar sem talsverður hluti veiðinnar á Íslandi 2012 er enn óseldur, er ávísun á langt tímabil lágra verða og þar með lágra launa fiskimanna. Þá voru aðilar sammála um að vandinn sem við er að etja er ekki einangraður við Ísland, heldur alvarlegt vandamál allra þjóðanna sem stunda þessar veiðar.

Á síðasta aðalfundi LS í október s.l. var samþykkt samhljóða að grípa nú þegar til aðgerða, til að koma í veg fyrir að sagan endurtaki sig. Samþykkt var að draga allt að þriðjung úr sókinni, en við það myndi fjöldi veiðidaga verða sá lægsti í sögu íslenskra grásleppuveiða. Með samþykktinni fylgdi að aðgerðir íslenskra veiðimanna myndu einar og sér ekki nægja, heldur yrði samvinna við hinar veiðiþjóðirnar að koma til, svo árangur næðist með aðgerðunum.

Í samræmi við þann sameiginlega skilning sem einkenndi fundinn hinn 31. október, voru fulltrúar KNAPK tilbúnir að taka til umfjöllunar þeirra möguleika til að grípa til sambærilegra aðgerða fyrir vertíðina 2013. KNAPK mun taka þetta alvarlega mál til umfjöllunar á næsta fundi stjórnarinnar sem og að fiskveiðiráð samtakanna verður virkjað til að ræða mögulegar aðgerðir í anda þess að verði ekkert að gert muni það hafa mjög alvarlegar afleiðingar fyrir daglegan rekstur smábátaveiðimanna.

KNAPK og LS munu halda áfram samvinnu í málinu. Á komandi vikum verður Nýfundnalandi og Noregi boðin þátttaka og náist sameiginlegt átak allra aðila í málinu eru undirritaðir fullvissir um að það verði smábátaveiðimönnum allra landanna til heilla.

Nuuk, 1. nóvember 2012

LS og KNAPK